

Stjórnarfundur FEB nr. 448

Stangarhyl 4, þriðjudaginn 23. júní 2020 kl. 9:30

Mætt: Ólafur Örn Ingólfsson, Róber P. Bender sem ritaði fundargerð, Kári Jónasson, Viðar Eggertsson og Ingibjörg Óskarsdóttir aðalmenn, og varamennirnir Finnur Birgisson, Haukur Arnþórsson og Sverrir Örn Kaaber.

Ingibjörg H. Sverrisdóttir nýkjörinn formaður tók þátt í fundinum gegnum Skype.

Einnig sátu fundinn Dýrleif Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri, sem stýrði fundinum, og Jóhanna Ragnarsdóttir skrifstofustjóri.

Fjarverandi var Sigurbjörg Gísladóttir aðalmaður.

Dagskrá:

1. Ný stjórn skiptir með sér verkum.

Á aðalfundi félagsins sem var haldinn 16. júní var Ingibjörg H. Sverrisdóttir kjörinn formaður. Af fyrri stjórnarmönnum sitja áfram Ólafur Örn Ingólfsson og Róbert P. Bender, en inn koma ný í stjórn Kári Jónasson (áður varamaður), Sigurbjörg Gísladóttir, Viðar Eggertsson og Ingibjörg Óskarsdóttir. Varamenn voru kjörnir Finnur Birgisson (áður aðalmaður), Haukur Arnþórsson og Sverrir Örn Kaaber.

Samþykkt var að stjórnin skipti með sér verkum sem hér segir:

Varaformaður	Sigurbjörg Gísladóttir
Gjaldkeri	Ingibjörg Óskarsdóttir
Ritari	Róbert P. Bender

2. Undirbúningur fyrir landsfund LEB

Landsfundur LEB verður haldinn 30. júní n.k. Rætt var um viðbrögð við kjaramálaályktun kjaranefndar og stjórnar LEB, sem kynnt var í fjölmöglum nýlega. Ákveðið var að leggja ályktanir sem samþykktar voru á aðalfundi FEB fyrir landsfundinn sem tillögur að ályktunum. Einnig að halda sem fyrst undirbúningsfund með fulltrúum sem fara fyrir hönd FEB á landsfundinn, en félagið á rétt á 43 fulltrúum.

3. Starfsemi félagsins í sumar.

Framkvæmdastjóri greindi frá því helsta varðandi ferðir á vegum félagsins og áhrif Kóvid-faraldurs á þær. Undirbúningur að gerð nýrrar heimasíðu er langt kominn. Hugmyndir eru um nýja fjárlöfun með útgáfu tækifæriskorta. Þá greindi framkvæmdastjóri frá undirbúningi vetrarstarfs og sagði brýnt að bæta við starfsmanni á skrifstofuna vegna mikils fjölda verkefna. Loks upplýsti hún að skrifstofan yrði lokað vegna sumarleyfa frá 13. júlí til 5. ágúst.

4. Önnur mál

Almenn umræða um ýmis málefni aldraðra. M.a. um samskipti við verkalýðshreyfinguna um ýmis réttindi aldraðra fyrrverandi félaga hreyfingarinnar.

Næsti stjórnarfundur var ákveðinn þriðjudaginn 1. September kl. 9.30

Ingibjörg H. Sverrisdóttir
Sigurbjörg Gísladóttir
Róbert P. Bender
Ólafur Örn Jónasson
Viðar Eggertsson

Snjóvarast
Sverrir Örn Kaaber.
Haukur Arnþórsson
Ingibjörg Óskarsdóttir
Finnur Birgisson